

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum.

1. gr.

6. tl. 1. gr. orðist svo:

Önundarfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta: 66°03,140' N - 023°38,164' V og 66°03,900' N - 023°33,070' V. Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru veiðar heimilar að línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta: 66°01,9' N - 023°32,8' V og 66°03,440' N - 023°31,610' V frá og með 1. september 2010 til og með 31. desember 2010.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiði-landhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 2010.

Jón Bjarnason.

Sigurgeir Þorgeirsson.